1293. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. júní 2026, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Júlíana Einarsdóttir, Karl. F. Thorarensen, Paula A. Rodriguez Sanchez, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Andrea Rut Pálsdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir og Selma Björk Grétarsdóttir.

Fjarverandi: Jennifer Schröder.

Gestir fundarins: Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, og Victor Karl Magnússon, sérfræðingur hjá VR.

Næsti fundur: 13. ágúst 2026.

Halla Gunnarsdóttir formaður VR bauð stjórnarfólk velkomið og setti fund.

Halla óskaði eftir að gera dagskrárbreytingu, að umfjöllun um evru skýrsluna verði liður nr. 4 í dagskránni og að aðrir liðir færist til sem því nemur. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

1. Fundargerð 1292. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1292. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

2. Kynning á tryggingaskýrslu Neytendasamtakanna

Fyrir fundinum lá skjalið „2.0 Tryggingaskýrslan kynning Neytendasamtakanna“ til kynningar.

Halla bauð Breka Karlsson, formann Neytendasamtakanna, velkominn til að kynna nýja skýrslu samtakanna um íslenska vátryggingamarkaðinn en VR kom að fjármögnun hennar ásamt fleiri stéttarfélögum. Skýrslan er í þremur bindum, Íslenski vátryggingamarkaðurinn, Til bóta fyrir neytendur og Allt sem þú þarft að vita um tryggingar.

Í stjórnargátt er ítarleg kynning á öllum þremur bindum en á fundinum fór Breki yfir þær sjö tillögur sem samtökin gera í kjölfar skýrslunnar.

Örorkumat verði samræmt, sjálfstætt og á einni hendi.
Breki sagði stöðuna í dag þá að einstaklingar sem þurfi örorkumat þurfi að fara á marga staði til að fá örorkumat, heildarkostnaður þjóðfélagsins vegna þessa er um 4 ma.kr.

Örorkugreiðslum verði dreift (ekki í eingreiðslu)
Breki benti á að örorkugreiðslur eru til að koma til móts við framtíðartekjutap. Neytendasamtökin vilji að slíkum greiðslum sé dreift í stað þess að þær séu í eingreiðslu.

Lágmarksþröskuldur bóta vegna varanlegrar örorku
Á íslandi er ekki lágmark greiðslna vegna varanlegrar örorku og sker Ísland sig úr af Norðurlöndunum hvað það varðar. Breki sagði samtökin vilja að tjón verði bætt 100% en að hafa verði í huga að ekki hafi allt tjón áhrif á framtíðartekjur. Mikill meirihluti örorkugreiðslna sé vegna örorku undir 15%,

Árangurstenging þóknana lögmanna skoðuð
Neytendasamtökin vilja að árangurstenging þóknana lögmanna verði skoðuð og benti Breki á að slíkt væri t.d. bannað í Noregi og Svíþjóð.

Í krafti fjöldans – gagnkvæm félög
Breki benti á að á Norðurlöndunum komi stéttarfélög að tryggingamálum félaga sinna og hvetur stéttarfélög til að kynna sér hvernig þessum málum er háttað, með það í huga að skoða hvort hægt sé að gera betur hér á landi. Gagnkvæm félög í þessu tilviki eru þau sem eru í eigu tryggingataka.

Árangurstenging launa líftryggingasölufólks skoðuð
Hér bendir Breki á að skoða verði þessi tengsl, m.a. til að koma í veg fyrir að verið sé að ýta að fólki tryggingum sem það hafi enga þörf fyrir.

Samræma þarf tímafresti í skilmálum
Neytendasamtökin benda á að skilmálar og lög varðandi vátryggingar séu hálfgerður frumskógur og mikilvægt sé að einfalda þetta.

Umræður

Bjarni Þór Sigurðsson mætti til fundar kl. 17:50.

Í umræðum var ákveðið að skrifstofa VR skoði hvernig félagið getur tekið þessar niðurstöður áfram.

Að loknum umræðum þakkar Halla Breka fyrir áhugavert erindi og fór hann af fundi kl. 18:05.

3. Upplýsingar frá formanni

Halla fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum en kjaramálanefnd VR fundaði í síðustu viku. Nefndin fór m.a. yfir evruskýrsluna (sem fjallað er um í lið #4). Hún sagði tímabært að fara að huga að skipan viðræðunefndar félagsins þar sem stefni í að kjarasamningar losni í haust. Nefndin verði skipuð fulltrúum úr kjaramálanefnd.

VR á í þéttu samstarfi við LÍV og Fagfélögin og funda aðilar vikulega. Á morgun [11. júní 2026] verður haldinn fundur félaganna undir yfirskriftinni Eggið eða hænan? þar sem fjallað verður um samspil verðbólgu og launa. Mikill þungi sé að færast í umræður um efnahagsmál Í þríhliða umræðum vinnumarkaðar og stjórnvalda sé hins vegar ekki mikið að gerast, framkvæmdastjóri SA virðist opinn fyrir því að fyrirtækin taki þátt og axli sína ábyrgð, en ekkert haldbært sé í hendi með það. Orðfæri margra sé á þann veg að aga þurfi stéttarfélögin. Forsætisráðherra hefur boðað aðila á sinn fund á föstudag, stærstu félögin og landssambönd.

Halla sagði frá því að hún hafi farið í margar vinnustaðaheimsóknir undanfarnar vikur, einkum til fyrirtækja sem hlotið hafa titilinn Fyrirmyndafyrirtæki í könnun VR en hafa ekki skipað trúnaðarmann. Þar er rætt um kjaramálin og virðast áherslur félagsins eiga hljómgrunn meðal félagsfólk á stöðunum.

Miðstjórn ASÍ fundaði í síðustu viku. Tillögur um breytingar á vinnustaðaeftirlitinu, sem stjórn samþykkti á síðasta fundi, hafa verið teknar aftur á teikniborðið sagði Halla og málið þvælt. Á fundinum var samþykkt að leggja til við þing ASÍ í haust að fækka varaforsetum í einn. VR er þeirrar skoðunar að valdið eigi að vera í miðstjórninni, ekki í smærri hópi forseta og varaforseta eða formanna landssambanda og stærstu aðildarfélaga. Ekki voru allir sammála þessari tillögu í miðstjórn og sagði formaður Eflingar að þetta myndi setja þing ASÍ í uppnám.

Þá sagði Halla frá því að misskilnings hafi gætt hjá ASÍ varðandi breytingar á Sjúkrasjóði VR sem aðalfundur félagsins samþykkti í mars þar sem gerð er tillaga um að dagpeningagreiðslur verði skilyrtar því að fólk fari í mat á starfsendurhæfingu. Miðstjórnarfólk hafi flest verið sammála þessari nálgun, en verið sé að vinna í tillögum að breytingum á lögum ASÍ fyrir næsta þing svo hægt verði að ljúka þessum breytingum á reglum sjóðsins. Á fundi miðstjórnar var einnig rætt um framkomu formanns Eflingar í garð fulltrúa VR í stjórninni og var í umræðum lagt til að gerð yrði krafa á hendur ASÍ um að slík ólíðandi framkoma yrði ekki leyfð.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík hélt aðalfund nýlega sem Halla sat. Hún sagði samhljóm í ráðinu að nýta ætti daginn betur í að koma boðskap verkalýðshreyfingarinnar á framfæri. 1 maí í ár var aðeins óhefðbundinn, ein ræða verkalýðsforingja á Ingólfstorgi, en næsta ár verður dagurinn líklega hefðbundnari.

Þegar kemur að alþjóðasamstarfi sagði Halla frá tveimur fundum sem nýlega voru haldnir með systursamtökum VR á Norðurlöndum, annar hér á landi en hinn í Finnlandi. Rætt var um áskoranir sem félögin standa frammi fyrir, ekki síst lýðfræðilegar. Stéttarfélagsaðild á hinum Norðurlöndunum er mun minni en hér á landi og fer mikill tími þar í að ná til fólks.

Umræður

Andrea Rut Pálsdóttir fór af fundi kl. 19:10.

4. Evru skýrslan

Fyrir fundinum lágu skjölin „3.0 Valkostir Íslands í gjaldmiðlamálum minnisblað fyrir stjórn VR“ og „3.1 Gjaldmiðlaskýrslan kynning“ til kynningar

Undir þessum lið kom Victor Karl Magnússon á fund kl. 19:20.

Halla fór yfir forsögu skýrslunnar um valkosti Íslands í gjaldmiðlamálum. Forsætisráðherra hafi skipað hóp til að meta stöðu Íslands gagnvart mögulegri upptöku evru. Halla bauð Victor velkominn og kynnti hann helstu niðurstöður skýrslunnar.

Victor rifjaði upp nýlegar kannanir meðal félagsfólks VR sem sýna að 47% félagsfólks er fylgjandi upptöku nýs gjaldmiðils, 29% á móti og 24% taka ekki afstöðu. Einn kaflinn í skýrslunni fjallar um vinnumarkaðinn sem um margt er öðruvísi en vinnumarkaðir á Norðurlöndum. Stéttarfélög á Íslandi hafa t.d. samningsréttinn, efna þarf til atkvæðagreiðslu um kjarasamninga, stéttarfélagsþátttaka er hér mun hærri en á evrusvæðinu sem og atvinnuþátttaka. Ráðningarvernd er hins vegar minni og launahækkanir hafa verið örari, svo eitthvað sé nefnt. Victor benti á að höfundar taki skýrt fram í skýrslunni að þeir séu ekki að leggja mat á hvort kostir evrunnar vegi þyngra en gallarnir, heldur að leggja fram hlutlausa greiningu.

Án krónu eða sjálfstæðrar peningastefnu færist þrýstingurinn á að leiðrétta sveiflur yfir á launaþróun og fjölda starfa. Í stað gengisfellingar eða vaxtahækkunar þyrfti að ná jafnvægi með hóflegri launaþróun eða fækkun starfa, segir í skýrslunni. Þeir benda á sænska og norska líkanið sem mögulega fyrirmynd: launaviðmið sett út frá útflutningsgreinum sem leggja línurnar fyrir allan vinnumarkaðinn, með meiri áherslu á að laun og framleiðni haldist í hendur. Skýrsluhöfundar benda á að haldist launaþróun óbreytt við upptöku evru gætu skammtímaáhrif orðið aukinn kaupmáttur og hærra eignaverð, en langtímaáhrif skert samkeppnishæfni Íslands. Almenn tillaga þeirra er að endurskoða þurfi vinnumarkaðslíkanið. Mjög mikilvægt fyrir VR að taka þátt í þeim umræðum og tryggja að áhrif og samningafrelsi félagsins sé ekki skert að óþörfu.

Umræður

Í umræðum benti Halla á að staðan hér væri ólík því sem er í mörgum evrulöndunum og ef þessi vegferð yrði farin þyrfti verkalýðshreyfingin að huga að mörgum mikilvægum þáttum. Á Íslandi sé mikil vinnumarkaðsþátttaka og möguleg aukning atvinnuleysis geti verið áhyggjuefni á meðan verið sé að skerða réttinn til atvinnuleysistrygginga. Ræða þurfi hvaða varnir eigi að reisa fyrir launafólk. Á Íslandi er NEET hópurinn minni en á Norðurlöndunum (ungt fólk sem hvorki er í vinnu né námi) en ef fjölgar í þessum hópi erum við að búa til vandamál inn í framtíðina. Þegar rætt er um samkeppnismál og laun er mikilvægt að muna að lönd þar sem laun eru há draga frekar að sér betri fyrirtæki en þar sem laun eru lág.

Ísland verði að varast að laun lækki með vísan til samkeppnisstöðu landsins, við eigum að vera stolt af þeim styrkleikum sem íslenskur vinnumarkaður býr yfir.

Umræður

Í umræðum var rætt um möguleg áhrif upptöku evru á launaþróun og fækkun starfa og með hvaða hætti megi draga úr neikvæðum áhrifum af mögulegri upptöku evrunnar. Horfa megi til þeirra Norðurlanda sem notist við evru.

Þá var rætt um að skoða stöðu ungs fólks á vinnumarkaði á Norðurlöndunum.

Victor yfirgefur fundinn kl. 20:15.

5. Áherslur leigjendasamtakanna

Fyrir fundinum lá skjalið „Áherslur leigjendasamtakanna“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir skjalið og sagði frá því að leigjendasamtökin hafi leitað til VR um stuðning við þeirra helsti áherslur. Húsnæðisnefnd VR fundaði þar sem farið var yfir þessar áherslur og afráðið að kynna þær fyrir stjórn. Húsnæðisnefnd leggur til við stjórn að skoða þær með jákvæðum hug en hafa verði í huga að margt er enn óútfært. Tillögur samtakanna eru helstar:

Mánaðarleg vísitölutenging leigu
Samtökin leggja til að einungis verðu hægt að hækka leigu einu sinni á ári.

Húsaleigubætur
Húsleigubætur verði endurskoðaðar þannig að kerfið nýtist leigjendum en ekki leigusölum og virki ekki sem hvati til þess að hækka leigu.

Leigutrygging
Samtökin leggja til að skoðað verði hvort hægt sé opinber aðili verði vörsluaðili tryggingarfjár og skýrari reglur settur varðandi endurgreiðslu tryggingar.

Verðþróun á leigu
Verðþróun á fasteigna- og leigumarkaði verði skoðuð í samvinnu við HMS. Spurt er hvor átt hafi sér stað markaðsbrestur og möguleg markaðsmisnotkun?

Leigubremsa
Leigubremsa og skynsamleg verðstýring verði skoðað.

Umræður

6. Val á fulltrúum VR á þing ASÍ 14. – 16. október 2026

Fyrir fundinum lá skjalið „5.0 Val fulltrúa VR á ASÍ þing 2026 – minnisblað“ til kynningar og afgreiðslu.

Halla sagði undirbúning vegna þings ASÍ í haust hafinn og að stjórn þurfi að taka afstöðu til hvernig velja eigi fulltrúa félagsins á þingið.

VR hefur um 90 fulltrúa á þinginu og þarf að skipa um 40 varamenn. Halla sagði félagið helst hafa farið tvær leiðir til að velja sína fulltrúa, annars vegar einstaklingsframboð sem þá væri á félagsfundi og hins vegar með lista sem félagði legði fram og óskaði eftir mótframboði. Halla sagði listaval oft hafa gefist vel og lagði til að VR myndi fara þá leið fyrir þingið í haust.

Umræður

Að loknum umræðum var lögð fram tillaga um að nota listaleiðina til að velja á þingið.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7.0 Starfslýsing formanns

Fyrir fundinum lá skjalið 6.0 „Starfslýsing formanns VR“ til afgreiðslu. Skjalið lá milli funda.

Halla óskaði eftir að skráð yrði í fundargerð að hún starfi nokkra daga á ári í versluninni Kokku og hún sé varaformaður stjórnar bresku hugveitunnar New Economics Foundation þar sem að jafnaði sé fundað fjórum sinnum á ári. Ekki er greitt fyrir stjórnarsetuna.

Engar athugasemdir höfðu borist við skjalið og var það lagt fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, formaður sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

Starfslýsing formanns er sem hér segir:

Hlutverk og staða

- Formaður VR er kosinn af félagsfólki til fjögurra ára í senn og gegnir embættinu í fullu starfi.
- Formaður skal ekki gegna öðru starfi eða taka að sér verkefni nema með samþykki stjórnar.
- Formaður er formaður stjórnar félagsins og stýrir hann fundum stjórnar.
- Hlutverk formanns er að sinna baráttumálum félagsins með því að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsfólks VR og styrkja stöðu þess á vinnumarkaði.
- Formaður leiðir stefnumótun í samráði við stjórn félagsins.
- Formaður leiðir pólitíska starfsemi VR í samræmi við lög, samþykktir, stefnu og ályktanir félagsins.
- Formaður er opinber talsmaður VR og málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins nema stjórnin ákveði annað.
- Formaður ber ábyrgð á ytri málefnum félagsins, þar með talið samskiptum við stjórnvöld, fjölmiðla, fyrirtæki og samtök atvinnurekenda og aðra hagsmunaaðila.

- Formaður er fulltrúi og talsmaður félagsins gagnvart öðrum stéttarfélögum og fer með forystu í þátttöku VR í starfi verkalýðshreyfingarinnar, þar með talið innan LÍV og ASÍ, nema stjórn ákveði annað.
- Formaður kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart starfsfólki félagsins.
- Formaður tekur þátt í alþjóðastarfi fyrir hönd VR.

Starfsskyldur:

- Formanni ber ávallt að starfa með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og uppfylla trúnaðarskyldu gagnvart félaginu, gæta jafnræðis og forðast hagsmunaárekstra.
- Formaður skal fylgja lögum VR og þeim vinnureglum sem skilgreindar hafa verið af stjórn og tryggja að unnið sé eftir þeim.
- Formaður, í samvinnu við framkvæmdastjóra, skal fyrir lok nóvember ár hvert kynna tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs sem lögð er fyrir stjórn.
- Formanni ber að starfa eftir samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun.
- Heimildir formanns til að skuldbinda félagið í daglegum rekstri skulu taka mið af:
    - fjárhagsáætlun samþykktri af stjórn.
    - að í frávikum frá fjárhagsáætlun skal ekki rjúfa fjárhagsleg markmið og ekki fela í sér stefnubreytingu.
- Formaður skal bera allar ákvarðanir sem eru óvenjulegar, stefnumarkandi eða mikilsháttar undir stjórn til samþykkis.
- Formaður vinnur með framkvæmdastjóra að forgangsröðun og eftirfylgni við samþykkta stefnu og fjárhagsáætlun en framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, fjármálum, starfsmannahaldi og framkvæmd samþykktrar stefnu, gagnvart stjórn.
- Formaður skal vera fyrirmynd, einkum hvað varðar starfshætti, öryggismál, trúnað og hegðun.
- Formaður tileinkar sér þekktar og viðurkenndar stjórnunaraðferðir og þróa sig sem einstakling og leiðtoga.
- Önnur tilfallandi verkefni sem tengjast starfinu.

Fundir stjórnar

- Formaður kemur með tillögu að dagskrá stjórnarfunda í samráði við varaformann og framkvæmdastjóra VR.
- Formaður boðar til stjórnarfunda í samráði við framkvæmdastjóra, stýrir þeim og tryggir að öll gögn sem að fundinum lúta séu stjórnarmönnum tiltæk tímanlega.
- Formaður stuðlar að upplýstri og málefnalegri umræðu og vandaðri ákvarðanatöku stjórnar.
- Formaður ber megin ábyrgð á starfsemi stjórnar og að stjórn séu búnar góðar starfsaðstæður.
- Formaður kemur með tillögur til stjórnar um skipun í stjórnir, ráð og nefndir innan VR.
- Formaður og/eða stjórn skipar fulltrúa til setu í ráðum og nefndum utan félagsins.
- Formaður á seturétt í öllum ráðum og undirnefndum stjórnar. Formaður er formaður trúnaðarráðs félagsins og boðar hann til funda þess eins oft og þurfa þykir í samræmi við 14. gr. laga VR.
- Formaður skal halda öllu stjórnarfólki upplýstu um málefni sem félaginu tengjast og skal stuðla að virkni stjórnar í ákvarðanatöku á málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.
- Formaður starfar eftir starfsreglum stjórnar og sér til þess að þær séu yfirfarnar af stjórn reglulega.

Kjaramál og samningaviðræður

- Formaður stýrir og er í forsvari fyrir samninga- og viðræðunefndum félagsins við gerð kjarasamninga.
- Formaður kemur fram fyrir hönd viðræðunefndar VR í kjarasamningum við SA og FA.
- Formaður stýrir undirbúningi kjaraviðræðna og hefur forgöngu um að mótuð sé stefna, áherslur og forgangsröðun í undirbúningi þeirra.
- Formaður skal, eftir því sem við á hverju sinni, tryggja að sjónarmið ólíkra hópa innan félagsins endurspeglist í kjaraviðræðum og undirbúningi þeirra.
- Í kjaraviðræðum er formaður talsmaður félagsins út á við. Formaður fer fyrir samskiptum við fjölmiðla, viðsemjendur, stjórnvöld og önnur stéttarfélög í samræmi við starfsreglur viðræðunefndar VR.
- Formaður tryggir að trúnaðarráð og eftir atvikum félagsfólk sé upplýst um framgang kjaraviðræðna.

Samþykkt á stjórnarfundi VR nr. 1293 þann 10. júní 2026.

8. Stefnumótun VR

Fyrir fundinum lá skjalið „7.0 Stefnumótun VR – Minnisblað“ til umræðu og ákvörðunar um skipan nefndar.

Halla rifjaði upp að stjórn hafi á fundi í ágúst 2025 samþykkt að fara í stefnumótun fyrir VR. Markmið stefnumótunarvinnunnar er að tryggja að:

- Skipulag VR þjóni markmiðum og starfsemi félagsins.
- VR sé vel í stakk búið til að takast á við breytingar á vinnumarkaði og framtíðaráskoranir.
- Þjónusta VR við félagsfólk verði til fyrirmyndar áfram.
- Virkni félagsfólks verði með besta móti.
- VR styrki stöðu sína sem leiðandi afl á íslenskum vinnumarkaði.

Skipuð var nefnd til að vinna að verkefninu en tveir aðilar í þeirri nefnd séu nú hættir í stjórn. Halla óskaði eftir framboðum í nefndina. Fram kom tillaga um að nýir stjórnarmenn fái sæti í nefndinni, Þær Júlíana Einarsdóttir og Paula A. Rodriguez Sanchez, sem báðar voru tilbúnar til þess.

Tillagan var lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

Halla þakkaði fyrir fundinn og veturinn en stjórn hittist næst í ágúst.

Fundi slitið kl. 20:40.